

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. febrúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Stefán Eiríksson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag athafnasvæðis við Svartsengi, Grindavíkurbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt deiliskipulag athafnasvæðis við Svartsengi, Grindavíkurbæ.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórinn í Grindavík, 12. febrúar 1998.

F. h. bæjarstjóra, Jóns Gunnars Stefánssonar,

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Vogahverfis á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 13. janúar 1998 var samþykkt deiliskipulag Vogahverfis á Akranesi eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1995 með síðari breytingum. Engar athugasemdir bárust.

Vogahverfi er staðsett norðan Þjóðveggar nr. 509 og austan við Miðvogslæk. Á svæðinu er fyrirhugað að reist verði íbúðabyggð í tengslum við heimilisbúskap, smáidnað, listidnað, skógrækt eða garðrækt.

Deiliskipulag þetta tekur þegar gildi.

Bygginga- og skipulagsfulltrúinn á Akranesi, 10. febrúar 1998.

Skúli Lýðsson.